

## Samfélagið - verkefni um byggðina.

1. Það er mismunandi hvenær byggð hófst í byggðarlögum á Íslandi og á hvern hátt hún bar að. Á kaffihúsinu Bryggjunni hafði afi hans Orra sagt þeim vinum frá hvenær byggð hófst í Grindavík, hvenær það var og hvernig það bar að.
  - a. Leitið að upplýsingum á netinu um upphaf byggðar í Grindavík. Á heimasíðu Ferlis má t.d. finna hinar ýmsu upplýsingar um Grindavík og sögu hennar.
  - b. Kynnið ykkur hvaða ár byggðin hófst og hverjir það voru sem áttu hlut að máli. Skoðið hvort um eitt býli var að ræða eða mörg.
  - c. Finnið kort af svæðinu og skoðið hvar fyrstu býlin voru staðsett.
  - d. Kynnið ykkur hvernig byggðin þróaðist og hvers vegna hún þróaðist á þann veg sem hún gerði.
  - e. Nú skulið þið búa til kynningarefni og nota upplýsingarnar sem þið funduð. Þið hafið frjálssar hendur með útfærsluna.
2. Í flestum byggðarlögum má finna örnefni sem tengja má við upphaf byggðar. Sumstaðar má einnig tengja götuheiti, húsanöfn eða ákveðið landsvæði við hana.
  - a. Hvernig er þetta í Grindavík? Notið leitarvél á vefnum til að finna kort af svæðinu og prentið út. Merkið inn á kortið staðina sem um ræðir.
  - b. Skoðið hvort eitthvað eitt nafn komi oftast fyrir en annað.
  - c. Veltið fyrir þér hver ástæðan gæti verið, t.d. ríkidæmi, vinsældir eða eitthvað slíkt.
3. Menning hvers byggðarlags er verðmæt og til þess að halda í gamla siði verður að þekkja þá.
  - a. Búið til leikþátt sem fjallar um upphaf byggðalagsins og sýnið í skólanum ykkar.